

REGLUR um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

1. gr.

Í stað orðsins „hjúkrunarfræðideild“ í 3. mgr. 11. gr. reglnanna koma orðin: hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild.

2. gr.

Í stað orðanna „sagnfræði- og heimspekideild“ í 4. mgr. 11. gr. reglnanna koma orðin: deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði.

3. gr.

Í stað orðsins „hjúkrunarfræðideild“ í 1. mgr. XI. kafla reglnanna koma orðin: hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild.

4. gr.

Í stað orðsins „Hjúkrunarfræðideild“ í fyrirsögn 97. gr. reglnanna koma orðin: Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild.

5. gr.

Í stað orðsins „hjúkrunarfræðideild“ í 1., 2., 5., 7. og 10. mgr. 97. gr. reglnanna koma, í viðeigandi beygingarmynd, orðin: hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild.

6. gr.

Í stað orðsins „hjúkrunarfræðideild“ í 1. og 11. mgr. 98. gr. reglnanna koma orðin: hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild.

7. gr.

Í stað orðanna „sagnfræði- og heimspekideild“ í 1. mgr. XII. kafla reglnanna koma orðin: deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði.

8. gr.

Í stað orðanna „sagnfræði- og heimspekideild“ í 3. másl. c-liðar 109. gr. reglnanna koma orðin: deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði.

9. gr.

Í stað orðanna „sagnfræði- og heimspekideild“ í 2. másl. c-liðar 113. gr. reglnanna koma orðin: deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði.

10. gr.

Í stað orðanna „Sagnfræði- og heimspekideild“ í fyrirsögn 115. gr. reglnanna koma orðin: Deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði.

11. gr.

Í stað orðanna „sagnfræði- og heimspekideild“ í 1., 3. og 11. mgr. 115. gr. reglnanna koma orðin: deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði.

12. gr.

Í stað orðanna „sagnfræði- og heimspekideild“ í 1., 4., 6. og 7. mgr. 116. gr. reglnanna koma, í viðeigandi beygingarmynd, orðin: deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði.

13. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, að fengnum tillögum heilbrigðisvísindasviðs og hugvísindasviðs, eru settar á grundvelli laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Reglurnar öðlast gildi 1. júlí 2022.

Háskóla Íslands, 11. apríl 2022.

Jón Atli Benediktsson.

Þórður Kristinsson.

—————
B-deild – Útgáfudagur: 4. maí 2022